



## Heimsóknin mín á Landnámssýninguna

Ég ætla að heimsækja Landnámssýninguna. Sýningin er sett upp í kringum skálarúst sem fannst við uppgröft árið 2001. Þessi rúst hefur verið varðveitt og gefur okkur góða mynd af lífinu hér áður fyrr. Á Landnámssýningunni er líka fræðsluherbergi fyrir skólahópa, fjölskyldu- og leikhorn og safnbúð.

## Inngangur

Landnámssýningin er staðsett á horni Aðalstrætis og Túngötu. Þar er lítið hellulagt torg sem ég geng yfir áður en ég kem að húsinu. Húsið er gult með bláum gluggum. Það eru teikningar í gluggunum. Ég get ýtt á takka svo hurðin opnast fyrir mig sjálfkrafa eða togað í handfangið og gengið inn. Fyrir innan dyrnar sé ég strax stiga, lyftu, bæklingastand og nokkra stóla. Ég get sest niður og hvílt mig ef ég vil áður en ég vel annað hvort lyftuna eða stigann. Ef ég ákveð að taka lyftuna þarf ég að bíða aðeins eftir henni, hún fer mjög hægt upp og niður. Ég þarf líka að bíða eftir lyftan opnast áður en ég get stigið inn í hana. Þegar ég stíg inn í lyftuna ýti ég á takkann og bíð eftir að glerið fari upp og lyftan fari með mig niður í kjallara. Ef ég vil fara niður stigann get ég haldið í handriðið og farið niður nokkrar tröppur. Það er alls ekki langt niður í kjallara þar sem móttakan er.




## Móttaka

Þegar ég kem út úr lyftunni eða niður stigann sé ég móttökuna. Afgreiðsluborðið er beint af augum. Í þessu sama rými er fjölskyldu- og leikhorn undir stiganum á bak við mig, fræðsluherbergið á vinstri hönd og safnbúðin beint fyrir framan mig. Á hægri hönd er langt borð með háum stólum og nokkrum tölvum. Inngangurinn inn í sýninguna sjálfa er líka á hægri hönd. Ég geng upp að afgreiðsluborðinu og læt starfsmann vita af mér. Ef ég er yngri en 18 ára, með Menningarkort Reykjavíkur eða með öryrkjakort þarf ég ekki að kaupa miða. Ég þarf samt alltaf að tala við starfsmanninn til að láta vita að ég ætli að skoða safnið. Starfsmaðurinn réttir mér límmiða til að sýna að ég sé með aðgöngumiða. Ég set límmiðann á jakkann minn eða peysuna mína svo hann sé sýnilegur. Starfsmaðurinn segir mér einnig hvar ég get geymt dótið mitt, hengt upp jakkann minn og hvar salernin eru.



## Safnbúðin

Safnbúðin er í sama rými og móttakan og því getur stundum verið margt fólk þar á sama tíma. Oftast er þó rólegt og ekki mikil læti. Í safnbúðinni eru alls kyns vörur sem getur verið gaman að skoða. Ég þarf ekki að skoða safnbúðina frekar en ég vil.



## Fjölskyldu- og leikhorn

Á Landnámssýningunni er skemmtilegt fjölskylduhorn og leiksvæði. Hægt er að fá sér sæti við langt borð og spila á spil, leysa þrautir og lita myndir. Undir stiganum er svo leiksvæði þar sem hægt er að leika sér með svipuð leikföng og börn léku sér með áður fyrr. Þar get ég setið og skoðað ef ég vil.

## Salerni

Á vinstri hönd við móttökuna er lítill gangur þar sem eru skápar, snagar fyrir föt og salerni. Þarna get ég geymt jakkann minn ef ég vil. Ég get líka læst jakkann minn inn í skáp. Lykillinn er með númeri skápsins svo það er auðvelt fyrir mig að finna hann aftur. Öll verðmæti eins og til dæmis veski er best að geyma í læsta skápnum. Á þessum sama gangi eru tvö salerni sem ég má nota. Annað salernið er líka fyrir hreyfihamlaða.



## Starfsfólk safnsins

Starfsfólk safnsins er ekki í einkennisfötum en það er með merki safnsins um hálsinn. Þannig get ég vitað hverjir vinna á safninu og leitað til þeirra ef mig vantar aðstoð eða upplýsingar.

## Sýningarsalurinn

Inngangurinn í sýningarsalinn er hægra megin við afgreiðsluborðið. Þegar ég er inni á sýningunni er mikilvægt að muna að rústina á einungis að skoða með augunum. Ekki snerta með höndum eða líkama. Þetta er föst sýning sem þýðir að hún er alltaf eins.

Það er frekar dimmt inni á sýningunni og gólfið er ójafnt á nokkrum stöðum. Sums staðar liggur leiðin yfir steina á gólfinu sem eru brúaðir með sléttu gólfefni. Ég þarf að passa hvar ég stíg þegar ég geng um sýninguna. Það eru handrið sem ég get gripið í í mesta hallanum. Sýningarsalurinn er ekki mjög stór og ég fer inn og út á sama stað.





Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá árinu 930 og ég geng með fram veggnum í kringum rústina að innganginum aftur. Meðfram öllum veggnum er skjámynd með hreyfimyndum og ég heyri hljóð (fuglar, kindur, hamarshögg). Á tveimur stöðum get ég fundið sjávarilm. Þetta er til þess að auka á upplifun mína í heimsókninni. Það er mikil margmiðlun á sýningunni sem gefur frá sér sterka birtu. Það eru tvö margmiðlunarborð og tveir margmiðlunarskjáir sem ég má snerta og kalla þannig fram fleiri upplýsingar ef mig langar að vita meira.



Á sýningunni eru bekkir sem ég get sest á ef ég vil. Það getur verið gott fyrir mig að staldra aðeins við og halda svo áfram að skoða ef mig langar. Ef mér finnst áreitið vera orðið of mikið get ég talað við starfsmann um að fá að fara inn í fræðslurýmið og jafna mig, ef það er laust.

Stundum finnst mér það sem ég sé áhugavert og stundum ekki. Það er allt í lagi að mér finnist ekki allt áhugavert og það er líka allt í lagi að ég skoði ekki alla sýninguna í einni heimsókn. Ég get þá bara komið aftur seinna og skoðað meira.

### Heimferð

Ég fer út á sama stað og ég kom inn. Ég fer aftur í fatahengið og næ í jakkann minn og dótið sem ég læsti inni í skáp. Ég passa mig á því að skilja lykilinn eftir í skápnum, geng upp stigann og út um dyrnar.